

AUGLÝSING

um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 129 um vinnueftirlit í landbúnaði.

Hinn 24. mars 2009 var framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 129 um vinnueftirlit í landbúnaði sem gerð var í Genf 25. júní 1969. Samþykktin öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 24. mars 2010.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal 1.**Samþykkt nr. 129 um vinnueftirlit í landbúnaði.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, saman komið til 53. fundar síns í Genf hinn 4. júní 1969 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuálagstofnunar, minnst ákvæðanna í alþjóðlegum vinnuálagssamþykktum um vinnueftirlit, svo sem samþykktar frá 1947 um vinnueftirlit, sem tekur til iðnaðar og verslunar, og plantekrusamþykktarinnar frá 1958 sem tekur til takmarkaðra þátta búreksturs, telur almennar alþjóðlegar reglur um vinnueftirlit í landbúnaði æskilegar, hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar tillögur um vinnueftirlit í landbúnaði, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins, hefur ákveðið að þessar tillögur skuli taka form alþjóðasamþykktar, því gerir þingið í dag, hinn 25. júní 1969, eftirfarandi samþykkt sem nefnist samþykkt frá 1969 um vinnueftirlit í landbúnaði.

1. gr.

1. Í samþykkt þessari merkir orðið „**búrekstur**“ atvinnurekstur sem að öllu eða nokkru leyti felst í ræktun, kvikfjarrækt, skógrækt, garðyrkju, frumvinnslu landbúnaðarafurða, sem bústjóri annast, eða hvers konar annarri landbúnaðarstarfsemi.
2. Þar sem þess gerist þörf skal hlutaðeigandi stjórnvald, að höfðu samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru til, skilgreina mörkin milli landbúnaðar annars vegar og iðnaðar og verslunar hins vegar, þannig að enginn búrekstur sé undanskilinn vinnueftirlitskerfi landbúnaðarins í landinu.
3. Þegar vafi leikur á því hvort samþykkt þessi tekur til einhvers reksturs eða þáttar hans skal úr því skorið af hlutaðeigandi stjórnvaldi.

2. gr.

Í samþykkt þessari tekur orðið „lagaákvæði“, auk laga og reglugerða, til úrskurða gerðardóms og heildarkjarasamninga, sem veitt er lagagildi og eftirlitsmönnum ber að framfylgja.

3. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af samþykkt þessari skal halda uppi vinnu-efirliti í landbúnaði.

4. gr.

Vinnueftirlitið í landbúnaði skal taka til búreksturs þar sem vinna starfsmenn eða lærlingar, hvernig sem kaupgreiðslu þeirra er háttað og hvernig sem samningar þeirra eru, að því er tekur til forms eða gildistíma.

5. gr.

1. Hvert það aðildarríki sem fullgildir þessa samþykkt getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingu þess, undirgengist að vinnueftirlit í landbúnaði taki einnig til eins eða fleiri eftirtalinna flokka manna sem vinna við búrekstur
 - a) leiguliða, sem ekki hafa í þjónustu sinni aðkeypt vinnuafli og annarra hliðstæðra flokka starfsfólks í landbúnaði,
 - b) manna, sem eru þátttakendur í sameiginlegu efnahagsfyrirtæki, svo sem félagsmanna samvinnufélags,
 - c) vandamanna þess er búið rekur, eftir því sem landslög eða -reglugerðir kveða á um.
2. Hvert það aðildarríki sem hefur fullgilt þessa samþykkt getur síðar tilkynnt forstjóra alþjóðavinnuálagstofnunar að það láti ákvæði hennar taka til eins eða fleiri þeirra flokka manna sem getið er í tölulíðnum hér á undan og samþykktin tekur ekki þegar til samkvæmt fyrri yfirlýsingu.
3. Hvert það aðildarríki sem hefur fullgilt þessa samþykkt skal í skýrslum sínum, skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, greina frá því að hve miklu leyti ákvæðum samþykktarinnar er beitt, eða áformað er að beita þeim, að því er tekur til þeirra flokka manna sem getið er í 1. tl. þessarar greinar og samþykktin tekur ekki til samkvæmt yfirlýsingu.

6. gr.

1. Hlutverk vinnueftirlits í landbúnaði skal vera:
 - a) að tryggja framkvæmd lagaákvæða um vinnuskilyrði og vernd starfsmanna við vinnu sína, svo sem ákvæða um vinnustundir, vinnulaun, vikulega hvíldardaga og frídaga, öryggi, heilbrigði og velferð, atvinnumál kvenna, barna og unglinga og önnur skyld efni, að svo miklu leyti sem vinnueftirlitsmenn geta framfylgt slíkum ákvæðum,
 - b) að láta atvinnurekendum og starfsmönnum í té tæknilegar upplýsingar og leiðbeiningar um áhrifaríkustu aðferðirnar til að framfylgja lagaákvæðunum,
 - c) að láta hlutaðeigandi lögbært stjórnvald vita um ágalla eða misbeitingu, sem er ekki fjallað sérstaklega um í gildandi lagaákvæðum og leggja fyrir það tillögur um réttarbætur.
2. Með landslögum eða -reglugerðum má fela vinnueftirlitsmönnum í landbúnaði það hlutverk að veita leiðbeiningar viðvíkjandi lagaákvæðum um lífskjör starfsmanna og fjölskyldna þeirra og framfylgja þeim.
3. Önnur skyldustörf, sem vinnueftirlitsmönnum í landbúnaði kunna að verða falin, skulu ekki hindra þá í að sinna meginskyldum sínum á árangursríkan hátt eða draga með nokkrum hætti úr valdi þeirra eða hlutleysi sem eftirlitsmönnum er nauðsynlegt í samskiptum við atvinnurekendur og starfsmenn.

7. gr.

1. Að því leyti sem það samrýmist stjórnábylgju í viðkomandi aðildarríki skal setja vinnueftirlit í landbúnaði undir stjórn og eftirlit umsjónarstofnunar.
2. Þegar um sambandsríki er að ræða getur „umsjónarstofnun“ merkt slíka stofnun fyrir allt sambandsríkið eða einstakar einingar innan þess,
3. Vinnueftirlit í landbúnaði má t.d. framkvæma þannig:
 - a) að ein stofnun annist eftirlit með allri atvinnustarfsemi,
 - b) að ein deild annist eftirlitið sem myndi koma á starfrænni sérhæfingu innan deildarinnar með viðeigandi hjálfun eftirlitsmanna sem er ætlað að gegna hlutverki sínu innan landbúnaðarins,
 - c) að ein deild annist eftirlitið sem myndi koma á skipulagssérhæfingu innan deildarinnar með því að koma á fót þjónustustofnun sem búi yfir tækniþekkingu og mannafla sem myndi skila hlutverki sínu innan landbúnaðarins eða
 - d) að sérhæfð landbúnaðareftirlitsþjónusta annist eftirlitið, en hún lúti yfirumsjón umsjónarstofnunar sem hafi sömu heimildir að því er varðar eftirlit á öðrum sviðum, t.d. iðnaði, flutningum og verslun.

8. gr.

1. Starfslið vinnueftirlits í landbúnaði skal vera opinberir starfsmenn og skal staða þeirra og starfskilyrði vera með þeim hætti að þeim sé tryggð föst atvinna og að þeir séu óháðir stjórnarskiptum og óviðeigandi utanaðkomandi áhrifum.
2. Aðildarríkjum er heimilt, að því marki sem það samrýmist landslögum eða -reglugerðum eða innlendri réttarframkvæmd, að ráða opinbera starfsmenn eða fulltrúa fagfélaga, en framlag þeirra yrði viðbót við vinnuframlag hinna opinberu eftirlitsmanna, til þess að framkvæma vinnueftirlit í landbúnaði. Skal þessum mönnum tryggð fastráðning og þeir skulu vera óháðir óviðeigandi utanaðkomandi áhrifum.

9. gr.

1. Ráða ber vinnueftirlitsmenn í landbúnaði til starfa einvörðungu á grundvelli starfshæfni og að teknu tilliti til sérhverra skilyrða sem landslög eða –reglur kunna að mæla fyrir um við ráðningu opinberra starfsmanna.
2. Hlutaðeigandi lögbært stjórnvald ákveður á hvern hátt slík hæfni skuli reynd.
3. Vinnueftirlitsmenn í landbúnaði skulu hljóta fullnægjandi hjálfun til þess að gegna starfi sínu og veita ber þeim viðeigandi viðbótarþjálfun á starfstíma þeirra.

10. gr.

Ráða má karla jafnt sem konur til eftirlitsstarfa í landbúnaði. Ef nauðsyn ber til má fela konu eða karli sérstök skyldustörf.

11. gr.

Sérhvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að sérmenntaðir tækni-
menn og sérfræðingar, sem kynnu að veita aðstoð við lausn vandamála sem krefjast tækniþekkingar,
komi að vinnueftirliti í landbúnaði með þeim hætti sem kann að verða talinn hæfa best aðstæðum í
hverju landi.

12. gr.

1. Hlutaðeigandi lögbært stjórnvald skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að stuðla að virku samstarfi vinnueftirlits í landbúnaði og þjónustustofnana hins opinbera og opinberra eða viðurkenndra aðila sem kunna að vinna að hliðstæðum verkefnum.
2. Ef nauðsyn krefur getur hlutaðeigandi stjórnvald annað hvort falið viðeigandi þjónustustofnunum hins opinbera eða opinberum aðilum aukalega tiltekin eftirlitsstörf í einstökum landshlutum eða sveitarfélögum eða tengt þessar þjónustustofnanir eða aðila við þá starfsemi sem um ræðir, þó þannig að trúfli ekki beitingu meginreglna þessarar samþykktar.

13. gr.

Hlutaðeigandi lögbært stjórnvald skal stuðla að aukinni samvinnu vinnueftirlitsmanna í landbúnaði og atvinnurekenda og starfsmanna eða samtaka þeirra, þar sem þau eru til.

14. gr.

Tryggja skal að eftirlitsmenn í landbúnaði séu nægilega margir til þess að framkvæma eftirlitið með skilvirkum hætti og skal fjöldi þeirra ákveðinn með tilhlýðilegu tilliti til:

- a) mikilvægis þeirra skyldustarfa sem eftirlitsmenn verða að annast, einkum:
 - i. fjölda, gerðar, stærðar og staðsetningar búrekstrareininga sem ber að líta eftir,
 - ii. fjölda og flokkunar þeirra sem þar vinna og
 - iii. fjölda þeirra lagaákvæða sem framfylgja ber og þess hve flókin þau eru,
- b) þeirra efnislegu tækja og tóla sem eftirlitsmönnum eru afhent,
- c) þær raunhæfu aðstæður sem þurfa að vera fyrir hendi þegar eftirlitsmenn koma í heimsókn til þess að eftirlitið nái tilætluðum árangri.

15. gr.

1. Hlutaðeigandi lögbært stjórnvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að láta eftirlitsmönnum í landbúnaði í té:
 - a) svæðisskrifstofur þannig staðsettar að tillit sé tekið til landfræðilegrar legu búrekstrareininganna og til samskiptamiðla og sé búnaður þeirra í samræmi við þarfir starfseminnar og þær aðgengilegar hlutaðeigandi mönnum, eftir því sem við verður komið,
 - b) nauðsynleg flutningatæki til að geta sinnt skyldu sinni þegar hentug almenningssamgöngutæki eru ekki til staðar.
2. Hlutaðeigandi lögbært stjórnvald skal sjá um að endurgreiða eftirlitsmönnum í landbúnaði allan ferðakostnað og tilfallandi útgjöld sem hafa reynst óhjákvæmileg við framkvæmd skyldustarfa þeirra.

16. gr.

1. Vinnueftirlitsmenn í landbúnaði, sem hafa fengið viðeigandi skilríki, hafa heimild til þess:
 - a) að hafa frjálstan aðgang að eftirlitsskyldum vinnustað hvenær sem er að degi eða nóttu án þess að þurfa að boða komu sína,
 - b) að koma að degi til inn á athafnasvæði sem þeir kunna að hafa eðlilega ástæðu til að ætla að sé eftirlitsskylt,
 - c) að gera hverja þá athugun eða prófun eða bera fram þær fyrirspurnir sem þeir kunna að telja

nauðsynlegar til þess að ganga úr skugga um að lagaákvæði séu virt í einu og öllu, einkum:

- i. að eiga viðtal við, í einrúmi eða í votta viðurvist, atvinnurekandann, starfsfólk fyrirtækisins eða sérhvern annan mann í fyrirtækinu um málefni er varða framkvæmd lagaákvæðanna,
 - ii. að gera kröfu um, eftir því sem landslög eða -reglugerðir kunna að mæla fyrir um, að bækur, skýrslur og önnur skjöl, sem skylt er að halda samkvæmt landslögum eða -reglugerðum um lífs- og vinnuskilyrði, verði lögð fram til þess að ganga úr skugga um að þau uppfylli lagaákvæði og að afrita slík skjöl eða gera útdrætti úr þeim,
 - iii. að taka eða flytja til rannsóknar sýni af framleiðsluvörum, gögnum og af efnum, sem eru notuð eða meðhöndluð, enda sé atvinnurekanda eða fulltrúa hans tilkynnt um hvað flutt er eða tekið í þessu skyni.
2. Vinnueftirlitsmenn mega ekki fara inn á heimili atvinnurekandans samkvæmt ákvæðum a- eða b-liðar 1. tl. þessarar greinar, nema með samþykki hans eða sérstakri heimild hlutaðeigandi lögbærs stjórnvalds.
 3. Þegar eftirlitsmenn koma í heimsókn skulu þeir tilkynna atvinnurekandanum eða fulltrúa hans, svo og starfsmönnum eða fulltrúum þeirra, um dvöl sína á vinnustað, nema þeir telji það geti skaðað framkvæmd skyldustarfa þeirra.

17. gr.

Vinnueftirlitið í landbúnaði skal koma að fyrirbyggjandi eftirliti með nýjum búnaði, nýjum gögnum eða efnum og nýjum vinnsluaðferðum, sem heilbrigði eða öryggi virðist geta stafað hættu af, í þeim tilvikum og með þeim hætti sem hlutaðeigandi lögbært stjórnvald kann að ákveða.

18. gr.

1. Vinnueftirlitsmenn í landbúnaði skulu hafa heimild til þess að gera ráðstafanir til að bæta úr ágöllum sem vart verður við í búnaði, skipulagi eða vinnuaðferðum í landbúnaðarfyrirtækjum, þ. á m. notkun hættulegra gagna eða efna sem þeir kunna að hafa gilda ástæðu til að ætla að séu hættuleg heilbrigði eða öryggi.
2. Til að gera eftirlitsmönnum kleift að gera slíkar ráðstafanir skal veita þeim heimild, með fyrirvara um rétt til að áfrýja málinu til dómstólafyrivalda eða stjórnvalda sem lög kunna að kveða á um, til þess að gera eða sjá til þess að gerðar verði kröfur um:
 - a) að fyrrnefndar breytingar, á þeim mannvirkjum, búnaði, athafnasvæðum, verkfærum, tækjum eða vélum sem eru nauðsynlegar til að fullnægja ákvæðum laga um heilbrigði eða öryggi, verði gerðar innan tiltekins frests eða
 - b) ráðstafanir sem komi þegar til framkvæmda og geti gengið það langt að vinnu verði hætt, þegar heilbrigði eða öryggi er í bráðri hættu.
3. Samræmist það verklag sem um ræðir í 2. tl. ekki stjórnsýslu- eða réttarvenju hlutaðeigandi aðildarríkis skulu eftirlitsmenn hafa rétt til þess að leita til hlutaðeigandi lögbærs stjórnvalds um útgáfu fyrirmæla um að gerðar verði ráðstafanir þegar í stað.
4. Þegar í stað skal upplýsa atvinnurekanda og fulltrúa starfsmanna um þá ágalla sem eftirlitsmaður tekur eftir í heimsókn sinni í fyrirtæki og um þau fyrirmæli sem hann gefur eða lætur gefa skv. 2. tl. eða sem hann hyggst leita til lögbærs stjórnvalds vegna skv. 8. tl.

19. gr.

1. Tilkynna ber vinnueftirliti í landbúnaði um vinnuslys og atvinnusjúkdómstilfelli í landbúnaðargeiranum með þeim hætti sem landslög eða -reglugerðir kunna að mæla fyrir um.
2. Vinnueftirlitsmenn skulu koma, eftir því sem við verður komið, að vettvangsrannsókn á orsökum alvarlegustu vinnuslysa og atvinnusjúkdómstilfella, einkum þegar fjöldi starfsmanna á í hlut eða þegar slík slys og sjúkdómstilfelli leiða til dauða.

20. gr.

Vinnueftirlitsmenn í landbúnaði skulu, með fyrirvara um þær undantekningar sem gerðar kunna að vera samkvæmt landslögum eða -reglugerðum:

- a) ekki hafa neinna beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta í þeim fyrirtækjum sem þeir hafa eftirlit með,
- b) bundnir, að viðlagðri hæfilegri refsingu eða viðurlögum, þagnarskyldu, jafnvel eftir að þeir hafa látið af störfum, að því er varðar framleiðslu- eða viðskiptaleyndarmál eða verklag, sem þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu og
- c) skulu ekki undir neinum kringumstæðum greina frá nöfnum þeirra sem vekja athygli þeirra á ágöllum, hættum samfara verklagi eða brotum á lagaákvæðum og skulu ekki gefa hlutað-eigandi atvinnurekanda eða fulltrúa hans vísbendingu um að heimsókn í eftirlitsskyni sé í framhaldi af slíkri kvörtun.

21. gr.

Eftirlit með búrekstri skal fara fram eins oft og með eins nákvæmum hætti og nauðsyn krefur til þess að tryggt sé að gildandi lagaákvæðum sé beitt með skilvirkum hætti.

22. gr.

1. Menn, sem brjóta lagaákvæði, sem vinnueftirlitsmönnum í landbúnaði ber að framfylgja, eða láta hjá líða að fara eftir þeim, skulu sæta því að mál þeirra sé tafarlaust rekið fyrir dómstólum eða innan stjórnáslu án aðvörunar, með þeim fyrirvara þó að veita megi undanþágur samkvæmt landslögum eða -reglugerðum í tilvikum þegar gefa skal út aðvörun um að gera endurbætur eða varúðarráðstafanir.
2. Vinnueftirlitsmönnum er í sjálfsveld sett hvort þeir gefa út aðvörun og leiðbeiningar eða hefja eða mæla með málarekstri.

23. gr.

Hafi vinnueftirlitsmenn í landbúnaði ekki sjálfir umboð til þess að hefja málarekstur, skal þeim heimilt að senda skýrslur um brot á lagaákvæðunum beint til stjórnvalds sem er til þess bært að hefja slíkan málarekstur.

24. gr.

Landslög eða -reglugerðir skulu mæla fyrir um hæfilega refsingu fyrir brot á lagaákvæðum sem vinnueftirlitsmönnum í landbúnaði ber að framkvæma og fyrir að hindra vinnueftirlitsmenn, er þeir gegna skyldustörfum sínum, og skal beita slíkum refsiaákvæðum með skilvirkum hætti.

25. gr.

1. Vinnueftirlitsmenn eða svæðisskrifstofur, eftir atvikum, skulu senda æðsta yfirvaldi eftirlitsmála skýrslur, sem eru gerðar reglulega, um árangur af störfum sínum innan landbúnaðarins.
2. Þessar skýrslur skulu gerðar með þeim hætti og fjalla um þau efnisatriði sem æðsta yfirvald eftirlitsmála kann að mæla fyrir um hverju sinni. Þær skal leggja fram a. m. k. eins oft og fyrrnefnt yfirvald kann að mæla fyrir um og aldrei sjaldnar en árlega.

26. gr.

1. Æðsta yfirvald eftirlitsmála skal gefa út ársskýrslu um starfsemi eftirlitsins í landbúnaði, annað hvort sem sérskýrslu eða hluta af almennri ársskýrslu þess.
2. Slíkar ársskýrslur skal gefa út innan hæfilegs tíma frá lokum þess árs sem þær taka til og ávallt innan tólf mánaða.
3. Forstjóri alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal fá í hendur afrit af ársskýrslunum innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra.

27. gr.

Ársskýrslur, sem æðsta yfirvald eftirlitsmála gefur út, skulu einkum fjalla um eftirtalin efnisatriði, að svo miklu leyti sem þau falla undir eftirlit þess:

- a) lög og reglugerðir sem snerta vinnueftirlit í landbúnaði,
- b) starfslið vinnueftirlits í landbúnaði,

- c) hagskýrslur um búrekstur sem eftirlitið nær til og um fjölda starfsfólks sem vinnur við þann rekstur,
- d) yfirlit yfir eftirlitsferðir,
- e) yfirlit yfir brot og refsingar,
- f) yfirlit yfir vinnuslys, þ.m.t. orsakir þeirra,
- g) yfirlit yfir atvinnusjúkdóma, þ.m.t. orsakir þeirra.

28. gr.

Skjöl um formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu send forstjóra alþjóða-vinnuálagsskrifstofunnar til skrásetningar.

29. gr.

1. Samþykkt þessi er einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnuálagsskrifstofunnar sem hafa sent skjöl sín um fullgildinguna forstjóranum til skráningar.
2. Hún öðlast gildi tólf mánuðum eftir þann dag þegar skjöl um fullgildinguna tveggja aðildarríkja hafa verið skráð hjá forstjóranum.
3. Eftir það öðlast samþykktin gildi gagnvart hverju aðildarríki tólf mánuðum eftir þann dag þegar skjöl þess um fullgildinguna hefur verið skráð.

30. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp, að liðnum tíu árum frá þeim degi þegar hún öðlast fyrst gildi, með því að senda forstjóra alþjóðavinnuálagsskrifstofunnar skjál þess efnis til skrásetningar. Uppsögn öðlast fyrst gildi ári eftir þann dag þegar hún er skráð.
2. Sérhverft aðildarríki, sem hefur fullgilt samþykkt þessa en notfærir sér ekki, innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í önnur tíu ár en getur eftir það sagt samþykkt þessari upp eftir lok hvers tíu ára tímabils samkvæmt skilmálum þessarar greinar.

31. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnuálagsskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum stofnunarinnar um skráningu allra skjala um fullgildinguna og uppsögn sem aðildarríkin hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar um skrásetningu annars skjalsins um fullgildinguna, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á þeim degi þegar samþykktin öðlast gildi.

32. gr.

Forstjóri alþjóðavinnuálagsskrifstofunnar skal senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar, vegna skráningar skv. 102. g. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, um skjöl um fullgildinguna og uppsagnir sem hann hefur skráð í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

33. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnuálagsskrifstofunnar kann að telja nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþing stofnunarinnar skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og kanna hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins þá spurningu hvort gera eigi á henni breytingar, í heild eða að hluta.

34. gr.

1. Samþykki þingið nýja samþykkt, sem breytir samþykkt þessari, í heild eða að hluta, þá skal, nema nýja samþykktin kveði á um annað:
 - a) fullgildingarskjál aðildarríkis að hinni nýju samþykkt að lögum fela í sér tafarlausa uppsögn samþykkt þessarar, þrátt fyrir ákvæði 30. gr. hér að framan, ef og þegar hin nýja samþykkt skal hafa öðlast gildi,
 - b) aðildarríkjum ekki lengur frjálst að fullgilda samþykkt þessa, frá og með þeim degi þegar hin nýja samþykkt öðlast gildi.

2. Samþykkt þessi skal í öllu falli halda gildi sínu, eins og hún er að formi og efni til, gagnvart þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

35. gr.

Hinn enski og franski texti samþykktar þessarar eru jafngildir.

C129 Labour Inspection (Agriculture) Convention, 1969
Convention concerning Labour Inspection in Agriculture

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Fifty-third Session on 4 June 1969, and

Noting the terms of existing international labour Conventions concerning labour inspection, such as the Labour Inspection Convention, 1947, which applies to industry and commerce, and the Plantations Convention, 1958, which covers a limited category of agricultural undertakings, and

Considering that international standards providing for labour inspection in agriculture generally are desirable, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to labour inspection in agriculture, which is the fourth item on the agenda of the session, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this twenty-fifth day of June of the year one thousand nine hundred and sixty-nine the following Convention, which may be cited as the Labour Inspection (Agriculture) Convention, 1969:

Article 1

1. In this Convention the term **agricultural undertaking** means undertakings and parts of undertakings engaged in cultivation, animal husbandry including livestock production and care, forestry, horticulture, the primary processing of agricultural products by the operator of the holding or any other form of agricultural activity.
2. Where necessary, the competent authority shall, after consultation with the most representative organisations of employers and workers concerned, where such exist, define the line which separates agriculture from industry and commerce in such a manner as not to exclude any agricultural undertaking from the national system of labour inspection.
3. In any case in which it is doubtful whether an undertaking or part of an undertaking is one to which this Convention applies, the question shall be settled by the competent authority.

Article 2

In this Convention the term legal provisions includes, in addition to laws and regulations, arbitration awards and collective agreements upon which the force of law is conferred and which are enforceable by labour inspectors.

Article 3

Each Member of the International Labour Organisation for which this Convention is in force shall maintain a system of labour inspection in agriculture.

Article 4

The system of labour inspection in agriculture shall apply to agricultural undertakings in which work employees or apprentices, however they may be remunerated and whatever the type, form or duration of their contract.

Article 5

1. Any Member ratifying this Convention may, in a declaration accompanying its ratification, undertake also to cover by labour inspection in agriculture one or more of the following categories of persons working in agricultural undertakings:
 - a) tenants who do not engage outside help, sharecroppers and similar categories of agricultural workers;
 - b) persons participating in a collective economic enterprise, such as members of a co-operative;

- c) members of the family of the operator of the undertaking, as defined by national laws or regulations.
2. Any Member which has ratified this Convention may subsequently communicate to the Director-General of the International Labour Office a declaration undertaking to cover one or more of the categories of persons referred to in the preceding paragraph which are not already covered in virtue of a previous declaration.
3. Each Member which has ratified this Convention shall indicate in its reports under article 22 of the Constitution of the International Labour Organisation to what extent effect has been given or is proposed to be given to the provisions of the Convention in respect of such of the categories of persons referred to in paragraph 1 of this Article as are not covered in virtue of a declaration.

Article 6

1. The functions of the system of labour inspection in agriculture shall be:
 - a) to secure the enforcement of the legal provisions relating to conditions of work and the protection of workers while engaged in their work, such as provisions relating to hours, wages, weekly rest and holidays, safety, health and welfare, the employment of women, children and young persons, and other connected matters, in so far as such provisions are enforceable by labour inspectors;
 - b) to supply technical information and advice to employers and workers concerning the most effective means of complying with the legal provisions;
 - c) to bring to the notice of the competent authority defects or abuses not specifically covered by existing legal provisions and to submit to it proposals on the improvement of laws and regulations.
2. National laws or regulations may give labour inspectors in agriculture advisory or enforcement functions regarding legal provisions relating to conditions of life of workers and their families.
3. Any further duties which may be entrusted to labour inspectors in agriculture shall not be such as to interfere with the effective discharge of their primary duties or to prejudice in any way the authority and impartiality which are necessary to inspectors in their relations with employers and workers.

Article 7

1. So far as is compatible with the administrative practice of the Member, labour inspection in agriculture shall be placed under the supervision and control of a central body.
2. In the case of a federal State, the term central body may mean either one at federal level or one at the level of a federated unit.
3. Labour inspection in agriculture might be carried out for example:
 - a) by a single labour inspection department responsible for all sectors of economic activity;
 - b) by a single labour inspection department, which would arrange for internal functional specialisation through the appropriate training of inspectors called upon to exercise their functions in agriculture;
 - c) by a single labour inspection department, which would arrange for internal institutional specialisation by creating a technically qualified service, the officers of which would perform their functions in agriculture; or
 - d) by a specialised agricultural inspection service, the activity of which would be supervised by a central body vested with the same prerogatives in respect of labour inspection in other fields, such as industry, transport and commerce.

Article 8

1. The labour inspection staff in agriculture shall be composed of public officials whose status and conditions of service are such that they are assured of stability of employment and are independent of changes of government and of improper external influences.
2. So far as is compatible with national laws or regulations or with national practice, Members may include in their system of labour inspection in agriculture officials or representatives of occupat-

ional organisations, whose activities would supplement those of the public inspection staff; the persons concerned shall be assured of stability of tenure and be independent of improper external influences.

Article 9

1. Subject to any conditions for recruitment to the public service which may be prescribed by national laws or regulations, labour inspectors in agriculture shall be recruited with sole regard to their qualifications for the performance of their duties.
2. The means of ascertaining such qualifications shall be determined by the competent authority.
3. Labour inspectors in agriculture shall be adequately trained for the performance of their duties and measures shall be taken to give them appropriate further training in the course of their employment.

Article 10

Both men and women shall be eligible for appointment to the labour inspection staff in agriculture; where necessary, special duties may be assigned to men and women inspectors.

Article 11

Each Member shall take the necessary measures to ensure that duly qualified technical experts and specialists, who might help to solve problems demanding technical knowledge, are associated in the work of labour inspection in agriculture in such manner as may be deemed most appropriate under national conditions.

Article 12

1. The competent authority shall make appropriate arrangements to promote effective co-operation between the inspection services in agriculture and government services and public or approved institutions which may be engaged in similar activities.
2. Where necessary, the competent authority may either entrust certain inspection functions at the regional or local level on an auxiliary basis to appropriate government services or public institutions or associate these services or institutions with the exercise of the functions in question, on condition that this does not prejudice the application of the principles of this Convention.

Article 13

The competent authority shall make appropriate arrangements to promote collaboration between officials of the labour inspectorate in agriculture and employers and workers, or their organisations where such exist.

Article 14

Arrangements shall be made to ensure that the number of labour inspectors in agriculture is sufficient to secure the effective discharge of the duties of the inspectorate and is determined with due regard for:

- a) the importance of the duties which inspectors have to perform, in particular:
 - i. the number, nature, size and situation of the agricultural undertakings liable to inspection;
 - ii. the number and classes of persons working in such undertakings; and
 - iii. the number and complexity of the legal provisions to be enforced;
- b) the material means placed at the disposal of the inspectors; and
- c) the practical conditions under which visits of inspection must be carried out in order to be effective.

Article 15

1. The competent authority shall make the necessary arrangements to furnish labour inspectors in agriculture with:

- a) local offices so located as to take account of the geographical situation of the agricultural undertakings and of the means of communication, suitably equipped in accordance with the requirements of the service, and, in so far as possible, accessible to the persons concerned;
 - b) the transport facilities necessary for the performance of their duties in cases where suitable public facilities do not exist.
2. The competent authority shall make the necessary arrangements to reimburse to labour inspectors in agriculture any travelling and incidental expenses which may be necessary for the performance of their duties.

Article 16

1. Labour inspectors in agriculture provided with proper credentials shall be empowered:
 - a) to enter freely and without previous notice at any hour of the day or night any workplace liable to inspection;
 - b) to enter by day any premises which they may have reasonable cause to believe to be liable to inspection;
 - c) to carry out any examination, test or inquiry which they may consider necessary in order to satisfy themselves that the legal provisions are being strictly observed, and in particular:
 - i. to interview, alone or in the presence of witnesses, the employer, the staff of the undertaking or any other person in the undertaking on any matters concerning the application of the legal provisions;
 - ii. to require, in such manner as national laws or regulations may prescribe, the production of any books, registers or other documents the keeping of which is prescribed by national laws or regulations relating to conditions of life and work, in order to see that they are in conformity with the legal provisions, and to copy such documents or make extracts from them;
 - iii. to take or remove for purposes of analysis samples of products, materials and substances used or handled, subject to the employer or his representative being notified of any products, materials or substances taken or removed for such purposes.
2. Labour inspectors shall not enter the private home of the operator of the undertaking in pursuance of subparagraph (a) or (b) of paragraph 1 of this Article except with the consent of the operator or with a special authorisation issued by the competent authority.
3. On the occasion of an inspection visit, inspectors shall notify the employer or his representative, and the workers or their representatives, of their presence, unless they consider that such a notification may be prejudicial to the performance of their duties.

Article 17

The labour inspection services in agriculture shall be associated, in such cases and in such manner as may be determined by the competent authority, in the preventive control of new plant, new materials or substances and new methods of handling or processing products which appear likely to constitute a threat to health or safety.

Article 18

1. Labour inspectors in agriculture shall be empowered to take steps with a view to remedying defects observed in plant, layout or working methods in agricultural undertakings, including the use of dangerous materials or substances, which they may have reasonable cause to believe constitute a threat to health or safety.
2. In order to enable inspectors to take such steps they shall be empowered, subject to any right of appeal to a legal or administrative authority which may be provided by law, to make or have made orders requiring:
 - a) such alterations to the installation, plant, premises, tools, equipment or machines, to be carried out within a specified time limit, as may be necessary to secure compliance with the legal provisions relating to health or safety; or

- b) measures with immediate executory force, which can go as far as halting the work, in the event of imminent danger to health or safety.
- 3. Where the procedure described in paragraph 2 is not compatible with the administrative or judicial practice of the Member, inspectors shall have the right to apply to the competent authority for the issue of orders or for the initiation of measures with immediate executory force.
- 4. The defects noted by the inspector when visiting an undertaking and the orders he is making or having made in pursuance of paragraph 2 or for which he intends to apply in pursuance of paragraph 3 shall be immediately made known to the employer and the representatives of the workers.

Article 19

- 1. The labour inspectorate in agriculture shall be notified of occupational accidents and cases of occupational disease occurring in the agricultural sector in such cases and in such manner as may be prescribed by national laws or regulations.
- 2. As far as possible, inspectors shall be associated with any inquiry on the spot into the causes of the most serious occupational accidents or occupational diseases, particularly of those which affect a number of workers or have fatal consequences.

Article 20

Subject to such exceptions as may be made by national laws or regulations, labour inspectors in agriculture:

- a) shall be prohibited from having any direct or indirect interest in the undertakings under their supervision;
- b) shall be bound on pain of appropriate penalties or disciplinary measures not to reveal, even after leaving the service, any manufacturing or commercial secrets or working processes which may come to their knowledge in the course of their duties; and
- c) shall treat as absolutely confidential the source of any complaint bringing to their notice a defect, a danger in working processes or a breach of legal provisions and shall give no intimation to the employer or his representative that a visit of inspection was made in consequence of the receipt of such a complaint.

Article 21

Agricultural undertakings shall be inspected as often and as thoroughly as is necessary to ensure the effective application of the relevant legal provisions.

Article 22

- 1. Persons who violate or neglect to observe legal provisions enforceable by labour inspectors in agriculture shall be liable to prompt legal or administrative proceedings without previous warning: Provided that exceptions may be made by national laws or regulations in respect of cases in which previous notice to carry out remedial or preventive measures is to be given.
- 2. It shall be left to the discretion of labour inspectors to give warning and advice instead of instituting or recommending proceedings.

Article 23

If labour inspectors in agriculture are not themselves authorised to institute proceedings, they shall be empowered to refer reports of infringements of the legal provisions directly to an authority competent to institute such proceedings.

Article 24

Adequate penalties for violations of the legal provisions enforceable by labour inspectors in agriculture and for obstructing labour inspectors in the performance of their duties shall be provided for by national laws or regulations and effectively enforced.

Article 25

1. Labour inspectors or local inspection offices, as the case may be, shall be required to submit to the central inspection authority periodical reports on the results of their activities in agriculture.
2. These reports shall be drawn up in such manner and deal with such subjects as may from time to time be prescribed by the central inspection authority; they shall be submitted at least as frequently as may be prescribed by that authority and in any case not less frequently than once a year.

Article 26

1. The central inspection authority shall publish an annual report on the work of the inspection services in agriculture, either as a separate report or as part of its general annual report.
2. Such annual reports shall be published within a reasonable time after the end of the year to which they relate and in any case within twelve months.
3. Copies of the annual reports shall be transmitted to the Director-General of the International Labour Office within three months after their publication.

Article 27

The annual report published by the central inspection authority shall deal in particular with the following subjects, in so far as they are under the control of the said authority:

- a) laws and regulations relevant to the work of labour inspection in agriculture;
- b) staff of the labour inspection service in agriculture;
- c) statistics of agricultural undertakings liable to inspection and the number of persons working therein;
- d) statistics of inspection visits;
- e) statistics of violations and penalties imposed;
- f) statistics of occupational accidents, including their causes;
- g) statistics of occupational diseases, including their causes.

Article 28

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 29

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.
2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.
3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 30

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.
2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

Article 31

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.
2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

Article 32

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

Article 33

At such times as it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

Article 34

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides:
 - a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall ipso jure involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 30 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;
 - b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.
2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 35

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.